

33. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar föstudaginn 19. ágúst 2011, kl. 09:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Bréf frá Menningarráði Norðurlands vestra frá 12. ágúst 2011**
 - 2. Bréf frá Ungmennafélagi Íslands frá 27. júlí 2011**
 - 3. Umsóknir um námsvist utan lögheimilissveitarfélags**
 - 4. Erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi frá 11. ágúst 2011**
 - 5. Deiliskipulag urðunarstaðarins á Sölvabakka**
 - 6. Vinnuferli við endurskoðun fjárhagsáætlunar 2011 og fjárhagsáætlunar 2012**
 - 7. Yfirvofandi verkfall leikskólakennara**
 - 8. Grunnskólinn á Blönduósi**
 - 9. Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

1. Bréf frá Menningarráði Norðurlands vestra frá 12. ágúst 2011

Aðalfundur Menningarráðs Norðurlands vestra verður haldinn föstudaginn 26. ágúst n.k. kl. 09:15 í Reykjaskóla.

Lagt fram til kynningar.

2. Bréf frá Ungmennafélagi Íslands frá 27. júlí 2011

Stjórn UMFÍ auglýsir eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 2. Landsmóts UMFÍ 50+ sem haldin verður 2012.

Bæjarráð hvetur USAH að sækja um að halda Landsmót 50+ árið 2012.

3. Umsóknir um námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Guðjón fræðslustjóri mætti á fundinn og gerði grein fyrir umsögn sinni varðandi umókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Bæjarráð telur eðlilegt að öll börn á grunnskólaaldri með lögheimili í sveitarfélaginu stundi nám við Blönduskóla nema í undantekningartilfellum þar sem sértök rök og málaefnalegar ástæður eru til annars.

*Bæjarráð samþykkir að tvö börn sækji nám í Húnavatnshreppi og að fjögur börn utan lögheimilissveitarfélagsins sækji nám í Blönduskóla.
Afgreiðsla bæjarráðs er færð í trúnaðarbók.*

Guðjón fræðslustjóri yfirgefur fundinn.

4. Erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi frá 11. ágúst 2011

Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur, kt. 170863-2249, Aðalgötu 21, 540 Blönduósi, f.h. 4áttir ehf., um leyfi til að reka veitinga-og gististað í flokki I Aðalgötu 21, 540 Blönduósi. Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, samþykkir bæjarráð fyrir sitt leyti umsóknina.

5. Deiliskipulag urðunarstaðarins á Sölvabakka

Bæjarráð vísar erindinu til bæjarstjórnar.

6. Vinnuferli við endurskoðun fjárhagsáætlunar 2011 og fjárhagsáætlunar 2012

Bæjarstjóri lagði fram vinnuferli við endurskoðun fjárhagsáætlunar 2011 og fjárhagsáætlunar 2012.

Bæjarráð samþykkir vinnuferlið.

7. Yfirvofandi verkfall leikskólakennara

Ágreiningur er um framkvæmd yfirvofandi verkfalls. Deiluaðilar hafa ákveðið að vísa máinu til úrskurðar Félagsdóms. Bæjarráð hyggst fylgja tilmælum Sambands Íslenskra sveitarfélaga við framkvæmd verkfalls ef til verkfalls kemur.

Bæjarráð hvetur Samband Íslenskra sveitarfélaga og Félag leikskólakennara að semja sem fyrst. Jafnframt hvetur bæjarráð fyrirtæki og stofnanir í sveitarfélaginu að sýna sveigjanleika gagnvart barnafólki sem er í vinnu ef til verkfalls kemur.

8. Grunnskólinn á Blönduósi

Bæjarstjóri lagði fram minnisblað um slit Blönduskóla og Íþróttamiðstöðvar.

Bæjarráð samþykkir að vinna frekar að málinu.

9. Önnur mál

Engin önnur mál

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 11:30

*Kári Kárason (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)